Mælaborð um líðan og velferð aldraðra

– fyrsti hluti þróunarverkefnis –

Öldrunarheimili Akureyrar

Unnið fyrir Akureyrarbæ og félagsmálaráðuneytið

Mælaborð um líðan og velferð aldraðra.
Fyrsti hluti þróunarverkefnis.
Útgefandi: Öldrunarheimili Akureyrar Austurbyggð 17, 600 Akureyri, Sími: 460 9100
Netfang: halldorsg@hlid.is
Veffang: hlid.is
Umbrot og textavinnsla: prentsmidjan.is
Júní 2021
© 2021 Öldrunarheimili Akureyrar
ISBN 978-9935-25-000-1 (Rafræn útgáfa)
ISBN 978-9935-25-001-8 (Prentuð útgáfa)

Mælaborð um líðan og velferð aldraðra

Skýrsla um upphaf, feril og afurð vinnu við þróunarverkefni um líðan og velferð aldraðra á Akureyri. Einnig um það hvað þarf að athuga vegna áframhaldandi vinnu við verkefnið.

Síðari hluta árs 2020 var ákveðið að hefja vinnu við gerð mælaborðs á líðan og velferð aldraðra á Akureyri og var samningur milli félagsmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um kaup á þjónustu vegna fyrsta hluta þróunarverkefnis um slíkt mælaborð undirritaður af Ásmundi Einari Daðasyni, félagsmálaráðherra, 2. desember 2020 og af Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra Akureyrarbæjar, 25. nóvember 2020. (fskj. I.)

Ákvörðun um gerð mælaborðsins var tekin í framhaldi af umræðu undanfarinna missera um mikilvægi þess að hafa greiðari aðgang að upplýsingum um hagi og líðan aldraðra, og ekki síst ef unnt væri að nýta tæknina til að þær upplýsingar væru uppfærðar reglulega.

Samtöl um gerð mælaborðs hafa einkum verið á samráðsfundum með félagsmálaráðuneyti, Akureyrarbæ, með Félagi eldri borgara eða í samstarfsnefnd um málefni aldraðra sem starfað hefur á vegum félagsmálaráðuneytis. Þannig hefur hugmyndin um mælaborð um hagi og líðan aldraðra þróast yfir ákveðið tímabil.

Hugtakið mælaborð er hér notað um rafræna framsetningu ýmiskonar upplýsinga um tiltekið efni. Þannig er nú til mælaborð ferðaþjónustunnar sem veitir aðgang að ýmsum töluleg-um upplýsingum um ferðaþjónustu. Einnig er til Mælaborð borgarbúa sem er lifandi upplýsingaveita um þjónustu og rekstur Reykjavíkurborgar. Þá er rétt að nefna mælaborð Tryggingastofnunar sem er tölfræði um fjölda lífeyrisþega og þróun. Og að lokum skal nefna mælaborð um velferð barna, sem hefur að geyma safn mælinga sem veita yfirsýn yfir velferð og stöðu barna og ungmenna innan sveitarfélags.

Í ofangreindum samningi segir að markmið verkefnisins sé ,,að stuðla að markvissri upplýsingagjöf um líðan og velferð aldraðra." Með þessum samningi verði hafin ,,fyrsti hluti þróunarverkefnis sem miðar að því að samræmdar og tímanlegar upplýsingar um líðan og velferð aldraðra verði aðgengilegar hér á landi."

Áfram segir að stefnt sé að framsetningu þessara upplýsinga í rafrænu mælaborði sem hefur það að markmiði að ná fram heildarmynd af almennri stöðu aldraðra í samfélaginu hverju sinni og beina sjónum stjórnvalda að verkefnum sem brýnt sé að takast á við og forgangsraða.

Síðan segir um verkefnið að það feli í sér kortlagningu á þjónustu við aldraða og greiningu á því hvaða gögnum er nú þegar safnað ,,hjá þjónustuveitendum og öðrum aðilum eftir atvikum með reglubundnum hætti. Einnig tekur verksali að sér greiningu á því hvaða gögn og upplýsingar um aldraða eru ekki skráðar með fullnægjandi hætti í dag og hvort og hvar þeirra þurfi að afla svo tryggja megi samræmdar og tímanlegar upplýsingar um líðan og velferð aldraðra hér á landi, m.a. til framsetningar í því mælaborði sem að framan greinir."

Framkvæmd verkefnisins

Akureyrarbær er verktaki þessa verkefnis og fól Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) framkvæmd þess. Halldór Sigurður Guðmundson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, hefur veitt verkefninu forstöðu og með honum hefur unnið teymi/stýrihópur frá ÖA sem í hafa setið Lúðvík Freyr Sæmundsson, rekstrarstjóri; Ingunn Eir Eyjólfsdóttir, félagsráðgjafi; Ingi Þór Ágústsson, forstöðumaður; Friðný B. Sigurðardóttir, forstöðumaður stoðþjónustu og Helga G. Erlingsdóttir, hjúkrunarforstjóri. Ákveðið var að ráða verktaka til þess m.a. að:

- Leita eftir upplýsingum um þá þætti sem við eiga og efna þá m.a. til funda með þeim aðilum sem afla þarf upplýsinga hjá.
- Kortleggja þá þjónustu sem aldraðir eiga kost á og hvaða gögnum er nú þegar safnað hjá þjónustuveitendum.
- Halda til haga hvaða gögn vantar eða þarf að vinna betur um líðan og velferð aldraðra.
- Halda utan um skýrsluskrif.

Ráðgjafafyrirtækið Ráðrík ehf. var ráðið til þessara verka og hafa þær Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Jónasdóttir unnið að verkefninu. Meðfylgjandi er samningur við Ráðrík ehf. dags. 28.12.2020 (fskj. II).

Sóttvarnaráðstafanir vegna Covid-19 settu svip sinn á samskipti meðan á verkefninu stóð. Fundir voru að mestu á Teams og upplýsingaöflun var að mestu með tölvupósti og símtölum.

Fyrsti formlegi fundur stýrihóps og verktaka var haldinn 15. desember 2020. Þar voru lögð drög að vinnunni framundan og fyrsta verkefninu sem var að ákveða við hvaða breytur yrði stuðst við upplýsingaöflun. Einnig að skoða tímalínu í samræmi við verkefnin og skipta verkum.

Þá þurfti að fá mynd af því hvernig slíkt mælaborð mundi líta út, þ.e.a.s. umgjörð þess. Eftir að stýrihópur hafði staðfest val á breytum var bréf sent til nokkurra lykilaðila (fskj. III) til að kynna verkefnið og óska eftir samstarfi um það.

Haldnir hafa verið átta fundir stýrihóps, flestir á Teams. Þá hafa verið haldnir tveir kynningarfundir með öldungaráði Akureyrar og einn kynningarfundur með Félagi eldri borgara á Akureyri, EBAK. Einnig voru haldnir tveir fundir með fulltrúum félagsmálaráðuneytis til að fara með þeim yfir stöðu verkefnisins. Þá var fundur með Velferðarsviði Akureyrarbæjar vegna upplýsinga um þjónustu Akureyrarbæjar við aldraða. Auk þessa voru vefir og heimasíður ýmissa stofnana skoðaðir og upplýsinga aflað þannig.

Fulltrúar úr stýrihópi og Ráðrík ehf. sátu 12. janúar sl. kynningarfund félagsmálaráðuneytis um mælaborð. 27. janúar sl. var haldinn sérstakur fundur með Kolbeini Stefánssyni, lektor við HÍ, um gerð mælaborða þar sem hann fór yfir reynslu sína af uppsetningu mælaborða, nú síðast mælaborð um hagi barna í Kópavogi, en þar var sveitarfélagið í samstarfi við Unicef um verkefnið.

10. febrúar sl. var svo annar fundur með Kolbeini Stefánssyni þar sem hann lagði mat á val okkar á breytum vegna mælaborðs um líðan og velferð aldraðra.

Niðurstaða vinnu stýrihópsins við breytur sem horfa ætti til sem gagna í mælaborðinu var að vera með fimm víddir. Innan hverrar víddar væru svo mismargir meginþættir og þar undir mismargar breytur. Þær meginvíddir sem unnið er með eru: Mannfjöldi og þróun, Samfélagsleg þátttaka og virkni, Velferð, Efnahagur og Heilbrigði. Sjá mynd bls. 8.

Heiti á meginþáttum og breytum tóku einhverjum breytingum þegar farið var að vinna með gögnin.

Viðmælendur og gagnaveitur

Haft var samband við eftirfarandi aðila til að afla upplýsinga og til að átta sig á því hvað væri til af aðgengilegum upplýsingum um hagi aldraðra, líðan og velferð:

Félag eldri borgara á Akureyri (EBAK)
Öldungaráð Akureyrarbæjar
Velferðarsvið Akureyrarbæjar
Samfélagssvið Akureyrarbæjar
Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA)
Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)

Sundlaugar Akureyrar
SÁÁ á Akureyri
Bjarg, líkamsrækt Akureyri
Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA)

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Hagstofa Íslands
RSK (Skatturinn)
Tryggingastofnun ríkisins (TR)
Byggðastofnun
Hjálparstofnun kirkjunnar
Embætti landlæknis
Auðkenni
Þjóðkirkjan

Nánar um gagnaveitur og upplýsingar

Félag eldri borgara á Akureyri, EBAK
Haldinn var fundur með stjórn félagsins og sendi hún upplýsingar um fjölda 67 ára og eldri í félaginu. Mikill áhugi kom fram á verkefninu en ekki sérstakar óskir um efnistök.

Félagið safnar ekki upplýsingum um annað en fjölda félagsmanna.

Öldungaráð Akureyrarbæjar
Haldnir voru tveir fundir með öldungaráðinu til samráðs og kynningar á verkefninu. Öldungaráðið safnar ekki upplýsingum um hagi aldraðra á Akureyri en reiðir sig á upplýsingar frá stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar
Haldinn var fundur með Guðrúnu Sigurðardóttur, sviðsstjóra, og Önnu Marit Níelsdóttur, forstöðumanni félagsþjónustu, til að fá upplýsingar um þjónustu Akureyrarbæjar við aldraða. Upplýsingar bárust í ársskýrslu búsetusviðs Akureyrarbæjar 2020. Samskipti voru við Kolbein Aðalsteinsson forstöðumann skrifstofu velferðarsviðs vegna upplýsinga í ársskýrslu búsetusviðs Akureyrarbæjar 2020 og Pálínu Ásbjörnsdóttur, húsnæðisfulltrúa.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar, sem er lykilaðili í þjónustu við eldri borgara á Akureyri, miðar við 65 ára aldur og sérgreinir ekki nema takmarkaðar upplýsingar um þjónustu við aldraða í ársskýrslu sinni. 65 ára teljast ekki aldraðir og frekari vinnslu þarf til að fá betri mynd af þjónustu Akureyrarbæjar við aldraða.

Samfélagssvið Akureyrarbæjar
Samskipti voru við Kristin Jakob Reimarsson, sviðsstjóra, vegna þátttöku eldri borgara í félagsstarfi á vegnum Akureyrarbæjar. Fyrirspurn fór síðan til Bjarka Ármanns Oddssonar, forstöðumanns tómstundamála, vegna þátttöku eldri borgara í félagsstarfi á vegum Akureyrarbæjar. Samfélagssvið Akureyrarbæjar hefur safnað upplýsingum um þátttöku eldri borgara í félagsstarfi á vegum sveitarfélagins en ekki reyndist unnt að taka þær saman vegna þessa verkefnis og upplýsingar bárust ekki. Ljóst er að gagnaöflun þarf að vera skipulegri og upplýsingar aðgengilegri fyrir þá sem þurfa að taka ákvarðanir um þjónustu við eldri borgara.

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA)
ÖA gáfu upplýsingar um fjölda rýma og fjölda starfsfólks. Það setur svip sinn á nýtingu rýma hjá ÖA að undanfarið hefur verið unnið í samræmi við samning við Sjúkratryggingar Íslands, dags. 26. júní 2019, um þjónustu hjúkrunarheimilis, dagdvöl aldraðra og þróunarverkefni á sviði öldrunarþjónustu á Akureyri. Um tilurð, bakgrunn og framkvæmd þessa verkefnis má lesa í

áfangamati eftir fyrsta starfsárið, en nú er komin áfangaskýrsla þar sem rakin er framvinda og þróun annað starfsárið. (Sjá skýrslu á hlid.is)

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)
Haft var samband við HSN sem sendi umbeðnar upplýsingar um heimahjúkrun og heilsueflandi heimsóknir.

Sundlaugar Akureyrar
Fyrirspurn var send til Elínar H. Gísladóttur, forstöðumanns Sundlauga Akureyrar, með beiðni um upplýsingar. Skýrsla kom frá henni með umbeðnum upplýsingum. Samskipti voru við Pálínu Dagnýju Guðnadóttur, verkefnastjóri rekstrar, vegna frekari skýringa á upplýsingum frá Sundlaugum Akureyrar um þátttöku 67 ára og eldri í sundi.

SÁÁ Akureyri
Fyrirspurn var send SÁÁ á Akureyri um þátttöku eldri borgara á Akureyri í starfi SÁÁ á Akureyri. Upplýsingar bárust frá Herði Oddfríðarsyni, dagskrárstjóra, SÁÁ á Akureyri. Fámenni setur svip á upplýsingar og er miðað við 60 ára og eldri.

Bjarg, endurhæfing Akureyri
Fyrirspurn var send til Jóns Harðarsonar, framkvæmdastjóra, á Bjargi með beiðni um upplýsingar um fjölda eldri borgara í þjálfun og hreyfingu hjá þeim. Það bar ekki árangur.

Íþróttabandalag Akureyrar, ÍBA
Haft var samband við ÍBA vegna þátttöku eldri borgara. Helgi Rúnar Bragason, framkvæmdastjóri ÍBA, tók vel í erindið en engar upplýsingar bárust.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Fyrirspurn var send til Ásdísar A. Arnalds, verkefnastjóra, vegna könnunar fyrir félagsmálaráðuneytið, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Landssamband eldri borgara, sem þá stóð yfir. Markmið þessarar könnunar er að fylgjast með þróun hvað varðar hagi og líðan aldraðra og að auka við þekkingu á þörf fyrir þjónustu og gæði hennar. Fyrirspurnin var um það hvort hægt væri að fá sérstaka úrvinnslu úr könnuninni vegna Akureyrar. Það varð úr.

Gagnaöflun stóð yfir frá 16. nóvember 2020 til 16. janúar 2021. Hringt var í einstaklinga í úrtakinu, rannsóknin kynnt og þeim boðið að taka þátt í gegnum síma eða að fá sendan hlekk á könnun í vefpósti. Úrtakið var 1.800 manns af landinu öllu, þar af voru 119 frá Akureyri, 76 þeirra svöruðu könnuninni. Vegna þess hve lítill hópur svarar, eru því næst öll marktektarpróf ógild, þ.e. forsendur prófanna standast ekki og væru niðurstöður þess því skakkar. Í nær öllum línum má sjá óg, og táknar það að marktektarpróf var ógilt. Niðurstöður í skýrslunni skal því túlka með hliðsjón af því.

Ákveðið var að nýta svörin fyrir Akureyri úr þessari könnun en birta jafnframt þau svör sem giltu fyrir landið allt. Af þeim má víðast sjá að ekki skilur mikið á milli þeirra niðurstaðna sem fram komu fyrir Akureyri þó svörin væru ekki fleiri, og þess sem fram kom á landsvísu. Má segja að þau líkindi styrki svörin sem fengust fyrir Akureyri, því ætla má að þau séu býsna nærri lagi ef við gerum ráð fyrir því að meðaltalið á Akureyri sé svipað og á landinu að öðru leyti.

Sambærilegar kannanir á vegum sömu aðila hafa verið gerðar á ca. fjögurra ára fresti frá árinu 1999. Það væri mikill fengur ef stjórnvöld á Akureyri semdu við Félagsvísindastofnun um að stækka úrtakið fyrir Akureyri og fylgjast þannig „með þróun hvað varðar hagi og líðan aldraðra og að auka við þekkingu á þörf fyrir þjónustu og gæði hennar" eins og segir um markmið þessara rannsókna. Samskipti voru einkum við Helga Guðmundsson verkefnastjóra hjá HÍ vegna könnunar Félagsvísindastofnunar um hagi eldri borgara, en einnig við félagsmálaráðuneytið sem gaf sitt leyfi fyrir nýtingu niðurstaðna. Greiða þurfti fyrir þessa sérvinnslu.

Viðmælendur og gagnaveitur

Hagstofa Íslands
Ekki reyndist unnt að styðjast við vef Hagstofu Íslands til að safna upplýsingum um 67 ára og eldri. Það varð því úr að Hagstofan sérkeyrði upplýsingar um aldurssamsetningu íbúa 67 ára og eldri á Akureyri, um hjúskaparstöðu, um ríkisfang, um upprunamenningu (hvar er viðkomandi fæddur), um trúfélag viðkomandi og um búsetuhagi. Greitt var fyrir þessa sérvinnslu.

Embætti ríkisskattstjóra, RSK
RSK var eitt þeirra fyrirtækja/stofnana sem fengu bréf með formlegri beiðni um samstarf um verkefnið. RSK taldi sig ekki, að svo stöddu „hafa forsendur til að taka þátt í þessu samstarfsverkefni." Upplýsingar á vef embættisins komu að takmörkuðum notum þar sem þær upplýsingar sem leitað var eftir voru ekki aðgengilegar.

Ljóst er að í framtíðinni þarf að koma á samstarfi við þennan mikilvæga aðila.

Einnig var send fyrirspurn til RSK vegna fjölda rafrænna skilríkja 67 ára og eldri á Akureyri. Embættið hafði ekki upplýsingar um það.

Tryggingastofnun ríkisins, TR
Samband var haft við TR um upplýsingar frá stofnuninni um tekjur 67 ára og eldri á Akureyri. Umbeðnar upplýsingar bárust greiðlega. Í pósti frá Hauki Eggertssyni sérfræðingi á upplýsingasviði sem fylgdi gagnasafninu frá TR kom eftirfarandi m.a. fram um innihald þess og forsendur:

Meðfylgjandi er excel skjal með fjórum tíundum heildartekna, þ.e. brotið niður á kyn (kk=1) og hvort viðkomandi hafi fengið ákvörðun um heimilisuppbót (hu=1) eða ekki, óháð því hvort að heimilisuppbótin sé greidd út vegna annarra tekna. Sýnd eru lægri og efri mörk (nema í tilfelli 10. tíundar), meðaltal heildartekna og uppbrot meðaltekna í greiðslur frá TR, lífeyrissjóðstekjur, fjármagnstekjur og síðan aðrar tekjur.

Tekjur eru þó eingöngu framtalsskyldar tekjur að frádregnum frádráttarliðum (líkt og iðgjöldum í lífeyrissjóði, kostnaðarfrádrætti á móti dagpeningum o.þ.h.), en t.d. ekki vaxtabætur, barnabætur, húsnæðisbætur o.þ.h.

Til grundvallar eru lagðar mánaðartekjur í maí 2019, þeir einstaklingar sem voru búsettir í sveitarfélaginu Akureyri þá og voru 67 ára eða eldri og með gilda ákvörðun um ellilífeyri, þ.e. óháð því hvort að þeir fái slíkan eður ei. Hér eru því ekki þeir Akureyringar sem höfðu hafið töku ellilífeyris en voru ekki orðnir 67 ára, né þeir sem eru komnir á dvalarheimili, né þeir sem hafa ekki sótt um ellilífeyri hjá TR.

Tekjur í maí eru að jafnaði rétt undir meðaltali tekna ellilífeyrisþega þar sem hvorki orlofs- né desemberuppbætur falla á þann mánuð hjá TR.

TR er með mælaborð upplýsinga á vef sínum. Eðlilegast væri í framtíðinni að mælaborð um líðan og velferð aldraðra væri tengt við mælaborð TR.

Byggðastofnun
Upplýsingar um íbúaþróun í Akureyrarbæ voru sóttar á vef stofnunarinnar.

Hjálparstarf kirkjunnar
Fyrirspurn var send um stuðning hjálparstofnana við eldri borgara. Sendar voru upplýsingar um stuðning við 67 ára og eldri sem eiga við allan Eyjafjörð utan Grenivíkur.

Embætti landlæknis
Sóttar voru upplýsingar til embættisins og á vef þess.

Auðkenni
Fyrirspurn var send á Auðkenni vegna rafrænna skilríkja. Auðkenni hafði ekki þær upplýsingar. Engar upplýsingar fengust því um fjölda þeirra Akureyringar 67 ára og eldri sem væru með rafræn skilríki.

Viðmælendur og gagnaveitur

Þjóðkirkjan

Fyrirspurn var send á kirkjan.is vegna skráningar í þjóðkirkjuna. Upplýsingar bárust frá henni. Hagstofan er með skráningu í trúfélög og bárust einnig upplýsingar frá henni.

Þar sem því var við komið voru upplýsingar kyngreindar og sums staðar settar fram í aldursbilum.

Gagnaveitur og upplýsendur sem að notum komu voru þessi, og við þær er skráður sá aldur sem hægt var að miða veittar upplýsingar við:

Félagsvísindastofnun	67 ára og eldri
Hagstofan	67 ára og eldri
Byggðastofnun	67 ára og eldri
Félag eldri borgara á Akureyri (EBAK)	67 ára og eldri
Velferðarsvið Akureyrarbæjar	65 ára og eldri
SÁÁ	60 ára og eldri
Hjálparstarf kirkjunnar	67 ára og eldri
Sundlaugar Akureyrar	67 ára og eldri
Öldrunarheimili Akureyrar	67 ára og eldri
Embætti landlæknis	67 ára og eldri
Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN)	67 ára og eldri

Til athugunar eftir fyrsta hluta þróunarverkefnis um mælaborð um líðan og velferð aldraðra á Akureyri

• Upplýsingum um 67 ára og eldri virðist ekki safnað skipulega hjá öllum opinberum aðilum á Íslandi. Óska þurfti sérstaklega eftir upplýsingum með þessum aldursmörkum. Það er mikilvægt að þeir opinberu aðilar sem eru að vinna með upplýsingar um aldraða, komi sér saman um við hvaða aldur eigi að miða þegar fjallað er um eldri borgara á Íslandi. Það er einn liður í því að slíkar upplýsingar geti verið samanburðarhæfar.

• Sérkeyra þurfti upplýsingar frá Hagstofu um 67 ára og eldri á Akureyri og greiða fyrir það.

• Skatturinn (RSK) taldi sig ekki, að svo stöddu „hafa forsendur til að taka þátt í þessu samstarfsverkefni.“ Út frá gagnasafni stofnunarinnar, sem hægt var að nálgast á vefnum, var ekki unnt að ná fram samtímis eða samkeyrðum breytum út frá aldri og sveitarfélagi.

• Félagsvísindastofnun var mjög tilbúin til samstarfs en greiða þurfti fyrir sérkeyrslu um Akureyri. Það væri mikill fengur ef stjórnvöld á Akureyri semdu við Félagsvísindastofnun um að stækka úrtakið fyrir Akureyri þegar næsta könnun fer fram og fylgjast þannig „með þróun hvað varðar hagi og líðan aldraðra og að auka við þekkingu á þörf fyrir þjónustu og gæði hennar“ sem er tilgangur þessara kannana.

• Ekki var unnt að ná fram upplýsingum um það hve margir 67 ára og eldri á Akureyri væru með rafræn skilríki.

• Velferðarsvið Akureyrarbæjar, sem er lykilaðili í þjónustu við eldri borgara á Akureyri, miðar við 65 ára aldur og sérgreinir ekki nema takmarkaðar upplýsingar um þjónustu við aldraða í ársskýrslu sinni og þar með upplýsingagjöf.

• Þar til bær stjórnvöld þyrftu að semja við opinberar stofnanir um að þær héldu upplýsingum um þennan aldurshóp saman með skipulegum hætti. Þeir sem koma að ákvörðunum sem varða gamalt fólk verða að hafa aðgang að réttum upplýsingum.

• Mikilvægt er að opinberar stofnanir líti á það sem eitt af sínum hlutverkum að halda saman og gefa upplýsingar um hagi þessa aldurshóps, sem mun á næstu árum verða mjög vaxandi í okkar samfélagi og því mikilvægt fyrir þau sem þurfa að taka ákvarðanir að geta fylgst með þróun um hagi og líðan aldraðra og auka þannig við þekkingu á þörf fyrir þjónustu og gæði hennar.

• Til að hefja næstu skref í áttina að því að ljúka gerð mælaborðs þarf að semja við þá aðila sem nauðsynlegt er talið að birta upplýsingar frá, setja upp tengingu við upplýsingabrunn þeirra þannig að uppfærsla upplýsinga geti verið sjálfvirk þegar nýjar upplýsingar verða til. Með þeim hætti þarf að tryggja viðhald mælaborðsins og reglulega uppfærslu upplýsinga.

Um víddir, meginþætti og breytur

Mannfjöldi og þróun	Samfélagsleg þátttaka	Velferð	Efnahagur	Heilbrigði
Aldurs-samsetning	***Þátttaka í félagsstarfi***	***Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými***	***Tekjur***	***Mat á eigin heilsu***
Aldurssamsetning	Þátttaka í félags-starfi EBAK	Heildarfjöldi	Tekjur – sundur-greindar frá TR	Geðheilsa
	Þátttaka í félags-starfi aldraðra	Rými ÖA	Ráðstöfunartekjur heimilis	Líkamleg heilsa
	Þátttaka í öðru félagsstarfi	Stöðugildi ÖA	Aðstoð frá hjálparstofnun	Einmanaleiki
Mannfjöldaspá	***Atvinnuþátttaka***	***Heimahjúkrun***	***Búsetuhagir***	***Tannheilsa***
Mannfjöldaspá	Atvinnuþátttaka	Heimahjúkrun	Búseta	Fjöldi tanna
	Vill vera í launaðri vinnu	Heilsueflandi heimsóknir	Ferðamáti	
	Tækniþekking	***Heimaþjónusta***		***Hreyfing og næring***
	Tækniþekking og notkun	Félagsleg þjónusta		Hreyfing og líkamsrækt
		Heimsendur matur		Sundferðir
		Fjöldi vinnustunda		Næring
	Hjúskaparstaða	***Fjöldi ársverka***		***Vímuefni***
	Hjúskaparstaða	Félagsleg heimaþjónusta. Stöðugildi alls á Akureyri		Þjónusta SÁÁ
	Ríkisfang, upp-runi og trúar-brögð	***Aðgangur að læknisþjónustu***		***Ofbeldi og vanræksla***
	Ríkisfang	Aðgangur að læknisþjónustu		Ofbeldi og vanræksla
	Fæðingarland			
	Trúfélag			

Aldurssamsetning, mannfjöldaspá

Aldursamsetning

Aldursamsetning 67 ára og eldri á Akureyri í samanburði við landið allt 1. jan. 2021



	67 - 70 ára	71 - 80 ár	81 -90 ára	91 - 100 ára	100 - 110 ára	67 ára og eldri
Allt landið, konur	3.65%	6.38%	2.94%	0.67%	0.01%	13.67%
Akureyri, konur	3.74%	7.15%	3.08%	0.64%	0.01%	14.62%

Heimild: Hagstofan



	67 - 70 ára	71 - 80 ár	81 -90 ára	91 - 100 ára	100 - 110 ára	67 ára og eldri
Allt landið, karlar	3.50%	5.79%	2.24%	0.48%	0.00%	12.01%
Akureyri, karlar	3.83%	6.42%	2.55%	0.34%	0.00%	13.15%

Heimild: Hagstofan



Heimild: Hagstofan

Hinn 1. janúar 2021 voru alls 2.668 íbúar Akureyrar 67 ára og eldri. Þar af voru konur 1.407 eða 14,67% mannfjöldans en karlar 1.261 eða 13,15%.

13,88% íbúa Akureyrarbæjar voru 67 ára og eldri þann 1. janúar 2021. Á landinu öllu voru 67 ára og eldri 12,82% á sama tíma.

Mannfjöldaspá

Mannfjöldaspá fyrir 67 ára og eldri á Akureyri



Heimild: Byggðastofnun, útgefið efni, byggðagrunnur, https://byggdastofnun.is

Hinn 1. janúar 2021 voru íbúar í Akureyrarbæ, 67 ára og eldri, alls 2.668. Spáð er að þeir verði orðnir 4.621 árið 2050. Því er einnig spáð að konur verði fleiri en karlar allt tímabilið og að bilið vaxi heldur.

Í upphafi árs 2021 voru 1.409 konur í sveitarfélaginu en 1.257 karlar. Árið 2050 er gert ráð fyrir að konur verði 2.624 en karlar 1.997.

Þátttaka í félagsstarfi, atvinnuþátttaka,tækniþekking, hjúskaparstaða, ríkisfang, uppruni og trúarbrögð

Þátttaka í félagsstarfi



Heimild: Félagsvísindastofnun

Þátttaka í öðru félagsstarfi en félagsstarfi aldraðra



Heimild: Félagsvísindastofnun

58% 67 ára og eldri eru í Félagi eldri borgara á Akureyri skv. uppl. frá EBAK.

Þátttaka í félagsstarfi aldraðra er 57% samkvæmt Félagsvísindastofnun.

41% fólks 67 ára og eldri taka þátt í öðru félagslífi en því sem eldri borgurum er boðið sérstaklega.

Atvinnuþátttaka

9% Akureyringa 67 ára og eldri vilja vera í launaðri vinnu en 21% 67 ára og eldri á landinu öllu vilja vera í launaðri vinnu.



Heimild: Félagsvísindastofnun



Heimild: Félagsvísindastofnun

13% eru í launaðri vinnu. Af þeim vinna 40% 38 stundir á viku eða meira.

Tækniþekking

Tækniþekking og notkun



Heimild: Félagsvísindastofnun

76% eiga tölvu, 52% eiga spjaldtölvu, 64% eiga snjallsíma og 9% eiga snjallúr. 13% eiga ekkert af þessu.



Heimild: Félagsvísindastofnun

72% nota tölvuna daglega en 11% sjaldan eða aldrei.



Heimild: Félagsvísindastofnun

74% nota spjaldtölvuna daglega en 3% sjaldan eða aldrei.



Heimild: Félagsvísindastofnun

88% nota snjallsímann daglega en 10% aldrei.



Heimild: Félagsvísindastofnun

53% nota heimabankann vikulega eða oftar en 35% sjaldan eða aldrei.

Hjúskaparstaða

Mannfjöldi 67 ára og eldri í Akureyrarbæ, eftir hjúskaparstöðu og kyni 1. janúar 2020

Hjúskaparstaða	**Alls**	**Karlar**	**Konur**
Alls	**2.590**	**1.218**	**1.372**
Ógiftir og einhleypir	176	80	96
Ógiftir í sambúð	22	13	9
Giftir í samvistum við maka	1.549	844	705
Giftir ekki í samvistum við maka	20	15	5
Ekklar/ekkjur og einhleyp	549	150	399
Ekklar/ekkjur í sambúð	11	5	6
Skilin að lögum og einhleyp	233	95	138
Skilin að lögum í sambúð	22	14	8
Hjúskaparstaða óupplýst	8	2	6

Heimild: Hagstofan

7% íbúa 67 ára og eldri eru ógift og einhleyp, þ.e. 96 konur og 80 karlar.
60% eru gift og í sambúð með maka.
21% 67 ára og eldri eru ekklar/ekkjur og einhleyp,
þ.e. 150 karla og 399 konur.

Ríkisfang, uppruni og trúfélag

Mannfjöldi 67 ára og eldri, í Akureyrarbæ, eftir ríkisfangi og kyni 1. janúar 2020

Ríkisfang	Alls	Karlar	Konur
Ísland	2.564	1.208	1.356
Önnur lönd	26	10	16
Alls	**2.590**	**1.218**	**1.372**

Heimild: Hagstofan

99% eldri borgara á Akureyri, eða 2.564, eru með íslenskt ríkisfang, 1.208 karlar og 1.356 konur.
26 eru með erlent ríkisfang frá 13 löndum, 10 karlar og 16 konur.

Mannfjöldi á Akureyri, 67 ára og eldri, eftir trúfélagi og kyni 1. janúar 2020

	Karlar	Konur	Alls
Þjóðkirkjan	1.145	1.317	2.462
Annað	73	55	128
Alls:	**1.218**	**1.372**	**2.590**

Heimild: Hagstofan

95% eldri borgara á Akureyri eru í þjóðkirkjunni.
3% eru í öðrum trúfélögum og 2% eru utan trúar- og lífskoðunarfélaga.

Mannfjöldi 67 ára og eldri, í Akureyrarbæ, eftir fæðingarlandi og kyni 1. janúar 2020

Fæðingarland	Alls	Karlar	Konur
Ísland	2.516	1.190	1.326
Önnur lönd	74	28	46
Alls	**2.590**	**1.218**	**1.372**

Heimild: Hagstofan

97% eldri borgara á Akureyri, eða 2.516, eru fædd á Íslandi eða 1.190 karlar og 1.326 konur.
3% eru fædd erlendis og skiptast milli 23 landa, alls 74, þar af 28 karlar og 46 konur.

Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými, heimahjúkrun, heimaþjónusta, fjöldi ársverka, aðgangur að læknisþjónustu

Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými



Heimild: Stjórnarráð Íslands, https://wwwstjornarradid.is/verkefni/lif og heilsa/oldrunarmal/oldrunarþjonusta

Rými ÖA

Hjúkrunarrými: Hefðbundin hjúkrunarrými eru 153 og tímabundin hjúkrunarrými 7 eða alls 160 rými. Karlar eru 54 og konur 106.
10 hjúkrunarrýmum var breytt í sveigjanlega dagþjálfun.
Geðhjúkrunarrými eru 3. Dvalarrými eru 8.
Dagdvöl/þjálfun: 20 almenn rými og 15+1 sérhæfð. Alls 36.

Stöðugildi ÖA í lok árs 2020:

Hjúkrun og dvöl	174,7
Dagþjálfun	10,9
Sveigjanlegri dagþjálfun (þróunarverkefni)	11,4
Stoðþjónusta	29,4
Stöðugildi starfsfólks alls	**226,4**

Heimild: Öldrunarheimili Akureyrar

Heimahjúkrun

Skjólstæðingar í heimahjúkrun 67 ára og eldri á Akureyri

Karlar	107
Konur	146
Samtals	253
Stöðugildi	**27**

Heimild: HSN.

Heilsueflandi heimsóknir

Akureyri 2020	
Karlar	209
Konur	238
Samtals	447

Heimild: HSN

80 ára og eldri er boðið upp á heimsókn einu sinni á ári nema þeim sem eru með heimahjúkrun, í dagþjálfun eða vikulega eða oftar í heima-þjónustu.

Heimaþjónusta

Heimild: Velferðarsvið Akureyrarbæjar. **Ársskýrsla búsetudeildar 2020**
Velferðarsviðið miðar við 65 ára aldur



Fjöldi eldra fólks, 65 ára og eldri, með félagslega þjónustu er 617.
Þar af eru 258 karlar eða 42% en konur eru 359 eða 58%.



Kostnaður og fjöldi fullorðinna notenda í þjónustu 2020.





Um 20 þús. vinnustundir voru á heimilum aldraðra á árinu 2020.

Heimaþjónustan veitir að mestu leyti samþætta persónulega þjónustu og þrif. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif, teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu.

Hjá þeim sem eru eingöngu með persónulega þjónustu (öryggisinnlit, aðstoð við innkaup, félagslegan stuðning) hefur tímafjöldinn aukist smám saman síðastliðin ár. Þetta má rekja til breyttrar samsetningar þjónustu-þega þar sem hlutfallslega fleiri 80 ára og eldri dvelja heima, en 55% 80 ára og eldri sem búa á Akureyri eru með heimaþjónustu.

Fjöldi ársverka

Félagsleg heimaþjónusta við eldri borgara



Að sögn starfsmanns Velferðarsviðs má ætla að stöðugildi í þjónustu við aldraða séu 21.

Stöðugildi alls (ársverk) í málefnum aldraðra á Akureyri

Samkvæmt upplýsingum Velferðarsviðs Akureyrarbæjar, HSN og ÖA eru stöðugildi (ársverk) í þjónustu við aldraða á Akureyri alls um 274,4.

Aðgangur að læknisþjónustu



Heimild: Félagsvísindastofnun

59% eldri borgara finnst aðgengi að þeirri læknisþjónustu sem viðkomandi þarf á að halda frekar eða mjög gott. 29% finnst aðgengið hins vegar frekar eða mjög lélegt sem er mun hærri tala en á við um landið allt.

Tekjur, búsetuhagir

Tekjur

Meðalgreiðslur frá TR í 1. tíund, 67 ára og eldri á Akureyri



Heimild: Tryggingastofnun

Samkvæmt upplýsingum frá TR eru meðalgreiðslur til karla í 1. tíund kr. 231 þús. pr. mánuð en verða 297 þús. með heimilisuppbót. Meðalgreiðslur til kvenna eru kr. 236 þús. pr. mánuð en verða 289 þús. með heimilisuppbót.

Meðaltekjur í 1. tíund, 67 ára og eldri á Akureyri



Heimild: Tryggingastofnun

Meðaltekjur í 1. tíund eru þannig að karlar hafa kr. 295 þús. pr. mánuð en kr. 335 með heimilisuppbót en konur fá 270 þús. án heimilisuppbótar en með heimilisuppbót kr. 320 þús.

Meðaltekjur í efstu tíund, 67 ára og eldri á Akureyri



Heimild: Tryggingastofnun

Í efstu tíund (10. tíund) er tekjumunur kynjanna meiri.
Þar eru karlar með í meðaltekjur kr. 812 þús. pr. mánuð án heimilisuppbótar en kr. 856 með heimilisuppbót. Meðaltekjur kvenna eru hins vegar kr. 627 án heimilisuppbótar en kr. 610 með heimilisuppbót.

Tekjumunur kynjanna skýrist af því að karlar hafa hærri lífeyristekjur.

Ráðstöfunartekjur heimilis



Heimild: Félagsvísindastofnun

7% íbúa 67 ára og eldri telja heimilið vera með undir 250 þús.kr. á mánuði.
57% íbúa 67 ára og eldri telja heimilið vera með 251-500 þús.kr. á mánuði.
26% íbúa 67 ára og eldri telja heimilið vera með 501-750 þús.kr. á mánuði.
11% íbúa 67 ára og eldri telja heimilið vera með yfir 750 þús.kr. á mánuði.

Aðstoð frá hjálparstofnun

Fram kom að árið 2020 aðstoðaði hjálparstarfið 14 karla og 24 konur 67 og eldri. Þessar tölur eiga við allan Eyjafjörð utan Grenivíkur.

Búsetuhagir

Búseta



Heimild: Félagsvísindastofnun

Samkvæmt svörum í rannsókn Félagsvísindastofnunar búa 88% íbúa 67 ára og eldri á Akureyri í eigin húsnæði en 5% eru í leiguhúsnæði og eru það mjög sambærilegar tölur og fyrir landið allt.

Sundurgreining í könnun Félagsvísindastofnunar á þeim sem búa í leiguíbúðum er augljóslega byggð á svo fáum svörum að niðurstöður eru ónothæfar.

Samkvæmt upplýsingum frá Akureyrarbæ eru samtals 24 íbúðir sem sérstaklega eru ætlaðar einstaklingum eldri en 60 ára og yngra fólk getur ekki fengið leigt þar. Að auki búa 60 ára og eldri í 40 almennum leiguíbúðum Akureyrarbæjar.



	Í strætis-vagni	Með barni/ börnum	Með aksturs-þjónustu eldri borgara	Í leigubíl	Með vinum/ ættingjum	Í eigin ökutæki	Annað	Gangandi
Landið allt	7%	8%	4%	3%	6%	88%	3%	2%
Akureyri	11%	4%	4%	1%	2%	83%	4%	6%

Heimild: Félagsvísindastofnun

Á Akureyri nota 11% strætó, 46% fara gangandi og 83% nota eigið ökutæki.

Efling hefur gefið út skýrslu um Kjör lífeyrisþega og samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða í mótun tekna. Skýrslan er unnin af Stefáni Ólafssyni og Stefáni Andra Stefánssyni. Í henni kemur m.a. eftirfarandi fram:

Þegar litið er á heildartekjur samkvæmt skattframtölum kemur í ljós að lífeyrisþegar eru með mun lægri meðaltekjur en fólk á vinnualdri og raunar þjappast þorri lífeyrisþega óeðlilega mikið í lægstu tekjuþrep samfélagsins. Það er afleiðing ófullnægjandi framlags almannatrygginga til lífeyrisgreiðslna (kafli IV).

Fyrir þorra lífeyrisþega skipta tekjur frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum mestu máli, einkum hjá þeim sem hafa lægri heildartekjur. Þeir sem njóta umtalsverðra atvinnutekna og fjármagnstekna umfram lífeyri eru minnihluti lífeyrisþega, en sumir þeirra hafa verulega háar tekjur.

https://efling.is/wp-content/uploads/2021/05/Kjo%CC%88r-li%CC%81feyristhega-mai--2021-endanleg-utgafa.pdf

Mat á eigin heilsu, tannheilsa, hreyfing og næring, vímuefni, ofbeldi og vanræksla

Mat á eigin heilsu

Geðheilsa



Heimild: Félagsvísindastofnun

Yfir 90% íbúa Akureyrarbæjar, 67 ára og eldri, telja andlega heilsu sína frekar eða mjög góða, sem er svipuð niðurstaða og fyrir landið allt.
Um 3% telja andlega heilsu sína frekar eða mjög slæma og er það einnig svipuð niðurstaða og á við um landið allt.

Líkamleg heilsa



Heimild: Félagsvísindastofnun

Um 70% íbúa Akureyrarbæjar, 67 ára og eldri, telja líkamlega heilsu sína frekar eða mjög góða. Tæplega 90% landsmanna telja hins vegar líkamlega heilsu sína frekar eða mjög góða.

Einmanaleiki



Heimild: Félagsvísindastofnun

76% Akureyringa, 67 ára og eldri, segjast mjög sjaldan eða aldrei vera einmana og 11% frekar sjaldan, 9% stundum. 4% segjast vera einmana mjög eða frekar oft. Þessar tölur ríma ágætlega við tölurnar á landsvísu.

Tannheilsa



Heimild: Embætti landlæknis

Árið 2007 voru 34,7% karla, 67 ára og eldri, tannlaus og 40,4% kvenna. 10 árum seinna voru þessar tölur komnar í 21,6% hjá körlum og 23,5% hjá konum.

Hreyfing og næring

Hreyfing og líkamsrækt



Heimild: Félagsvísindastofnun

73% segjast stunda rösklega göngu tvisvar í viku eða oftar, þar af 20% daglega. 19% segjast hins vegar aldrei taka rösklega göngu.

70% segjast aldrei fara í sund en rúm 20% tvisvar í viku eða oftar.

Sundferðir



Heimild: Sundlaugar Akureyrar

Árið 2020 var óvenjulegt ár í sundlaugum Akureyrar, lokanir voru bæði vegna viðhalds og breytinga og vegna Covid-19. Eigi að síður eru 36.420 sundferðir skráðar á 67 ára og eldri í báðum laugunum á Akureyri. Upplýsingar fengust ekki um laugarnar í Hrísey og Grímsey.

Tölur vegna fyrri ára í Sundlaugum Akureyrar segja okkur að mun fleiri sundferðir hafi verið árin 2018 sem var metár og 2019, sjá mynd. 85% þessara sundferða eru á árskorti.

Næring



Heimild: Félagsvísindastofnun

78% borða eina heita máltíð á dag, 17% borða tvær heitar máltíðir á dag og 5% borða þrjár heitar máltíðir á dag. Þessar tölur eru vel sambærilegar við það sem gerist um landið allt.

Vímuefni

Þjónusta SÁÁ á Akureyri



Heimild: SÁÁ á Akureyri

297 einstaklingar 60 ára og eldri sóttu þjónustu SÁÁ á árinu 2020, ýmist göngudeildarþjónustu á Akureyri eða með dvöl á Vík eða Vogi.
19 einstaklingar nýttu sér þjónustu göngudeildar í alls 343 heimsóknum.

Ofbeldi og vanræksla

Ofbeldi og vanræksla



Heimild: Félagsvísindastofnun

Lítil svörun er á spurningu um ofbeldi eða vanrækslu í könnun Félagsvísindastofnunar. Sama á við um landið allt.